

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið á Grundartanga, austursvæði. Jafnframt fellur úr gildi deiliskipulag hafnarsvæðis að Grundartanga samþykkt 22. desember 2000, síðast breytt í maí 2005.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir tveimur athafnasvæðum hafnar, hafnarbakkasvæðum og sex misstórum lóðum fyrir hafnsækna starfsemi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 2. janúar 2008,*

**Skúli Lýðsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2008